

DRÖG

SÁTT

vegna kaupa Árvakurs hf. og 365 miðla hf. á öllu hlutafé í Póstmiðstöðinni ehf.

1. gr.

Póstmiðstöðinni ehf. er óheimilt að útiloka aðila sem eru ótengdir 365 miðlum hf. og Árvakri hf. frá viðskiptum við Póstmiðstöðina ehf. vegna dreifingar á blöðum og prentefni. Í því felst að óski slíkur aðili eftir viðskiptum við Póstmiðstöðina ehf. vegna dreifingar á blöðum og öðru prentefni skal orðið við því, nema málefnalegar ástæður mæli gegn því.

Öll samvinnun milli Póstmiðstöðvarinnar ehf. og annarra samrunaaðila er óheimil. Í því felst að óheimilt er að gera að skilyrði fyrir dreifingu hjá Póstmiðstöðinni ehf. að eiga í viðskiptum við aðra samrunaaðila. Þetta leiðir meðal annars til þess að óheimilt er að skilyrða dreifingu við prentun hjá Landsprenti ehf. Bann þetta nær einnig til viðskiptakjara sem öldungis má jafna við skilyrði um slík viðskipti.

2. gr.

Póstmiðstöðin ehf. skal 1. janúar og 1. júlí ár hvert gefa út verðskrá vegna dreifingar á blöðum og öðru prentefni, sem skal gilda í viðskiptum Póstmiðstöðvarinnar ehf. við viðskiptamenn sína, þ.m.t. Árvakur hf. og 365 miðla hf.

Póstmiðstöðinni ehf. er óheimilt að ívilna 365 miðlum hf. eða Árvakri hf. umfram aðra viðskiptamenn vegna dreifingar á blöðum og prentefni, nema sem leiðir af stærð og hagræðingu dreifingar. Gætt skal jafnræðis í verðlagningu og gæðum þjónustunnar.

3. gr.

Framkvæmdastjóri Póstmiðstöðvarinnar ehf. skal vera sjálfstæður í störfum og ekki gegna störfum fyrir 365 miðla hf. eða Árvakur hf., hvort sem er sem starfsmaður eða ráðgjafi í verktöku.

Framkvæmdastjóra Póstmiðstöðvarinnar hf. og öðrum starfsmönnum er óheimilt að veita öðrum, þ.m.t. stjórn eða einstökum stjórnarmönnum Póstmiðstöðvarinnar ehf., sem jafnframt gegna störfum fyrir Árvakur hf. eða 365 miðla hf., hvort sem er sem starfsmenn eða ráðgjafar, upplýsingar um viðskipti viðskiptamanna Póstmiðstöðvarinnar ehf. sem teljast vera mikilvægar viðskiptaupplýsingar sem eðlilegt og rétt er að leynt fari. Á þetta við um áskriftalista. Trúnaður samkvæmt framangreindu skal meðal annars tryggður í starfssamningi framkvæmdastjóra.

4. gr.

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga. Með undirritun sáttar þessarar telst lokið rannsókn á grundvelli tilkynningar samrunaaðila 365 miðla hf. og Árvakurs hf. dags. 13. júlí 2018.